

Rannsóknaskýrslur 2001

XII

Rannsókn undir Nesstofu

Kristinn Magnússon



Þjóðminjasafn Íslands 2006

© 2006 Kristinn Magnússon/Þjóðminjasafn Íslands
Öll réttindi áskilin.
ISSN 1560 8050

Forsíðumynd: Nesstofa að kvöldlagi. K.M.

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Inngangur.....	5
Úr sögu Ness.....	5
Fornleifarannsókn 1989.....	6
Rannsókn 2001.....	7
Nesstofa.....	11
Niðurstöður.....	12
Fundaskrá.....	15
Heimildir.....	18

Inngangur

Í tengslum við endurgerð Nesstofu var á vormánuðum 2001 tekið upp gamalt trégólf sem verið hafði á gólfinu í stofu á jarðhæð hússins. Stofan er í norðausturhorni hússins. Þjóðminjasafn Íslands ákvað að nota tækifærið og kanna umfang og varðveislu mannvistarlaga undir gólfinu. Á tímabilinu 26. apríl til 30. maí 2001 vann undirritaður að rannsókninni með hléum vegna annarra verka sem upp komu hjá safninu.

Úr sögu Ness

Elstu rituðu heimildir þar sem Ness er getið eru frá því um 1200. Í kirknatali Páls biskups Jónssonar er sagt frá kirkju í Nesi. Nes telst þá meðal heldri bæja því kirkjan er prestskýldukirkja.

Leiddar hafa verið að því líkur að Magnús Guðmundsson allsherjagoði hafi búið í Nesi í upphafi 13. aldar þó ekki sé það vafalaust. Er þetta byggt á frásögn í Sturlungu. Segir þar frá deilu er Magnús komst í við Snorra Sturluson um arf eftir Jórunni í Gufunesi, sem hafði verið í þingi með Magnúsi. Út af þessu máli fór Snorri um stefnudaga um vorið "suðr á Seltjarnarnes ok hafði tvær ferjur af Akranesi ok fjóra tigi mann á hvárrí. Þeir létu eina sjá, er þeir fóru suðr at nesinu, ok kómu þeir mjök á óvart Magnúsi".

Fyrstu ábúendur í Nesi sem vitað er um voru Hafurbjörn Styrkársson og Guðrún Þorláksdóttir. Hafurbjörn var kominn í beinan karlegg af Ásbirni Össurarsyni, bróðursyni Ingólfs Arnarsonar. Þeirra hjóna er getið í Árna biskups sögu og segir að þau hafi verið stórauðug af peningum og hýbýli í Nesi hafi verið betri en hjá öðrum bændum. Þau hjón hafa búið í Nesi um 1280. Þar er til marks um það hversu mikils metin þau voru að Loðinn leppur, sem var sendimaður Noregskonungs, hafði hjá þeim vetursetu 1280-1281. Segir af því tilefni í sögunni að: "engi maðr mátti í þann tíma jafnask við Hafurbjörn at hýbýlum ok búi sínu, sá sem í bónda tali var". Eftir lát þeirra hjóna bjó sonur þeirra, Gissur, í Nesi og sonur hans, Styrkár, eftir hans dag. Styrkár var veginn árið 1341.

Ekki er ljóst hverjir áttu Nes á tímabilinu 1341 og fram undir siðaskipti en þá er jörðin komin í eigu Skálholtsstóls.

Árið 1556 eignar konungur sér Nes og frá þeim tíma og fram til 1763 bjuggu aðallega prestar og veraldlegir embættismenn á jörðinni.

Saga kirkjunnar í Nesi er einstaklega merkileg. Hún spannar 600 ár, eða frá því um 1200 til 1799.

Bjarni Pálsson var skipaður fyrsti landlæknirinn á Íslandi með konungsúrskurði 18. mars 1760. Bjarni hafði í fyrstu aðsetur á Bessastöðum. Árið 1761 hófst bygging Nesstofu við Seltjörn. Skyldi þar vera bústaður og vinnustaður landlæknis. Nokkrum árum áður, 1754, lauk byggingu Viðeyjarstofu. Hún var byggð úr íslensku grágrýti. Upphaflega átti Nesstofa að vera "bindingsverks" -hús en Bjarni fékk því til leiðar komið að það var byggt úr steini sem tekinn var úr Valhúsinu. Þetta sama ár var hafin bygging annars merks húss sem enn stendur, Bessastaðastofu. Teikningu húsanna gerði danskur húsagerðarmeistari, Jakob Fortling. Áður en hægt var að hefja byggingu Nesstofu, þurfti að ryðja vagnveg frá Bakka á sunnanverðu nesinu vegna aðflutninga. Kalk í byggingarnar kom frá Danmörku. Þá komu erlendir múrarar til landsins til að vinna að steinsmíði og vegagerð. Íslenskir verkamenn unnu einnig að byggingunum. Allir þessir menn áttu að vinna jöfnum höndum að báðum byggingunum eftir því sem verkinu miðaði. Árið 1763 var smíði Nesstofu lokið.

Bjarni Pálsson andaðist árið 1779 og var grafinn rétt innan við kirkjudyr í Neskirkju. Kirkjan sem Bjarni var grafinn í var sú næstsíðasta sem stóð í Nesi. Síðasta kirkjan sem reist var þar var byggð árið 1785. Þetta var 8 stafgólfa timburkirkja með sérbyggðu klukknaporti sem þótti mjög stórt og glæsilegt. Þessi kirkja var ein af tíu timburkirkjum í landinu á sinni tíð. En saga hennar varð ekki löng. Árið 1797 var ákveðið að afleggja Neskirkju. Biskupsstóllinn í Skálholti hafði verið fluttur til Reykjavíkur. Reykjavíkurkirkja sem nú var gerð að dómkirkju var hins vegar svo fátæk að ákveðið var að selja Laugarneskirkju og Neskirkju og láta andvirði þeirra og aðrar eigur renna til Reykjavíkurkirkju. 14. ágúst 1797 voru báðar kirkjurnar seldar á uppboði. Magnús Ormsson lyfjafræðingur, sem tekið hafði við lyfsalastarfi í Nesi af Birni Jónssyni, keypti Neskirkju á 125 ríkisdali og 48 skildinga. Laugarneskirkja var seld á 17 ríkisdali og 56 skildinga. Sagan segir að Magnús hafi notað kirkjuna til að þurrka í henni lækningajurtir fyrir apótekið í Nesi. Hvort sem það er satt eða ekki þá nýttist Magnúsi kirkjan ekki lengi. Í svokölluðu Básendaveðri, ofsaveðri sem skall á aðfaranótt 9. janúar 1799, fauk kirkjan í heilu lagi af grunninum og dreifðist brakið víða.

Nesstofa var bústaður fimm fyrstu landlæknanna á Íslandi og fjögurra fyrstu lyfsalanna. Með konungsúrskurði frá 13. mars 1833 voru embætti landlæknis og lyfsala flutt til Reykjavíkur. Jón Thorstensen landlæknir og Oddur Thorarensen lyfsali fluttu til Reykjavíkur árið 1834.

Þórður Sveinbjörnsson, háyfirdómari og síðar dómstjóri í Landsyfirrætti, keypti Nes árið 1834. Þórður hafði mikinn búskap í Nesi auk þess að sinna embætti sínu í Reykjavík. Þórður og Kristín kona hans bjuggu í Nesi til ársins 1851. Sveinbjörn Sveinbjörnsson tónskáld var sonur þeirra. Hann fæddist í Nesstofu. Eftir tíma Þórðar og Kristínar í Nesi varð jöðrin fljótlega tvíbýli. Búskapur var stundaður í Nesi fram yfir 1960.

Fornleifarannsókn 1989

Í júnímánuði árið 1989 gróf Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur könnunarskurði í Nesi. Grafir voru tvö samhlíða svæði austan megin við Nesstofu, á túnblettinum milli gamla kirkjugarðsins og hlaðsins við stofuna. Vestan megin við Nesstofu var einnig grafinn rannsóknarskurður. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að ganga úr skugga um umfang og gerð mannvistarlaga við Nesstofu. Á rannsóknarsvæðunum austan hússins var komið niður á torfhús á um 1 m dýpi. Húsið var frá 18. og 19. öld og talið geta verið hluti af bæjarhúsum sem stóðu á 18. öld er Nesstofa var reist. Á öðru rannsóknarsvæðinu austan við Nesstofu og í skurðinum vestan við húsið var grafið djúpt niður til að fá hugmynd um þykkt mannvistarlaga á svæðinu. Vestan við húsið var grafið niður á 2,4 m dýpi. Niður á það dýpi voru mannvistarlögin sorplög en þar var komið ofan á gólflög og greftri hætt. Á 2,5 m dýpi í skurðinum austan Nesstofu var komið niður á óhreyft moldarlag þar sem greina mátti óraskaðar slitur af gjóskulagi sem kallað hefur verið Landnámslagið. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson taldi líklegt að elstu mannvistarlög í þessum skurði væru frá því rétt eftir 950 e.Kr.


Þegar Nesstofa var byggð var torfbærinn, sem Vilhjálmur fann leifar af, uppistandandi. Því mátti vænta að beint undir gólfi Nesstofu yrði komið niður á mannvistaleifar frá 18. öld. Jafnframt var ljóst að ef grafa ætti til botns, það er í gegnum öll mannvistarlög, gæti skurðurinn orðið mjög djúpur eða um 2,5 - 3 m á dýpt. Sá möguleiki var jafnframt fyrir hendi að bygging Nesstofu hefði haft í för með sér svo mikið jarðrask að mannvistarlögum undir húsinu hefði öllum verið rótað til og því lítið á því að græða að rannsaka staðinn.

Rannsókn 2001

Búið var að taka gólfborðin og bitana sem þau höfðu hvílt á í burtu. Við blasti sjávarmöl. Mölin var frekar fíngerð, steinastærðin 1-5 cm. Í mölinni voru för eftir gólfbitana sem sýnilega hafa verið gafnir að nokkru leiti niður í hana. Grafín var tæplega 1 m breiður skurður þvert í gegnum herbergið frá norðir til suðurs á milli 140 cm og 230 cm frá innri brún á austurvegg stofunnar. Skurðurinn var tæplega 4 m langur. Lögð var út hæðarlínu út frá hæð þröskuldsins í dyrunum inn í stofuna. Línana var lögð út með vesturhlið skurðarins í 230 cm fjarlægð frá austurvegg stofunnar. Grafið var með handskóflu og múrskæið efti því sem við átti. Teiknaðar voru þrjár flatarteikningar á mismunandi dýpi og sniðteikning af vestursniði skurðarins í lok uppgrftar. Nokkrar ljósmyndir voru teknar en aðstæður til ljósmyndunar voru slæmar, þrengsli og lítið ljós. Lagður var jarðvegsdúkur yfir uppgraftarsvæðið að rannsókn lokinni og fyllt í skurðinn með efninu sem mokað hafði verið upp úr honum.

Malarlagið sem lá næst undir trégólfinu var 10 cm þykkt. Í því fundust brot af múrsteinum, dýrabein, brot af fiskisleggju, kljásteyn og tvö brot af rauðleitum leir. Annað þessara brota var sýnilega endinn á upprunalega stykkinu og var hann lítillega sveigður. Undir malarlaginu var grátt hart sandlag. Þetta lag var einungis nokkrir sentimetrar á þykkt og kann að vera sandur sem sigið hefur frá grjótinu í malarlaginu yfir því. Undir sandlaginu tók við nýtt lag sem að mestu var mold en í því voru þó bæði móöskuflekkir og viðarkolamolar. Talsvert var einnig af skeljum í þessu lagi. Á um 25 cm dýpi undir yfirborði í moldarlaginu komu í ljós þrjár steinar rúmum 1 m frá suðurenda skurðarins. Þegar dýpra var grafið birtust fleiri steinar og þegar komið var niður á um 55 cm dýpi var komin í ljós röð steina sem myndaði línu frá vestursniðinu, u.þ.b. 60 cm frá norðurenda skurðarins, á ská yfir í átt að austursniðinu. Þegar grafið hafði verið niður á um 1 m dýpi án þess að fjarlægja steinana í steinaröðinni höfðu neðri lög þessa steinveggjar komið í ljós en auk þess steinar sem lágu eins og hellusteinar austan við steinvegginn. Botn skurðarins var nú þakin grjóti, svo að illmögulegt var að halda áfram greftri nema breikka skurðinn. Ekki var ráðist í það og geftri því hætt.

Sú steinaröð sem komið var niður á á um 55 cm dýpi og lýst var hér að ofan gaf ekki alveg rétta mynd af legu veggjarins. Nær virðist að ætla að veggurinn komi út úr vestursniðinu við norður enda skurðarins og liggja suður eftir skurðinum með stefnu lítillega í austur án þess að hægt sé að sjá að hann hverfi inn í austursniðið. Rof var í veggnum á bilinu 100 – 180 cm frá norður enda skurðarins og kom það fram í vestursniðinu. Skil komu í ljós við steinhlaðna vegginn í skurðinum. Malarlagið og sandlagið undir því lágu yfir öllu rannsóknarsvæðinu enda tengdust þessi lög líklegast byggingu Nesstofu, eru undirlag undir gólfbitana í herberginu. Undir þessum lögum og austan megin veggjarins var mjög einsleitt lag alveg niður að hellulögninni eða stéttinni. Í laginu var nánast eingöngu mold. Þó mátti finna í moldinni nokkra móöskuflekki, örfá bein og einstaka viðarkolamola. Engir steinar voru í sniðinu nema þeir sem tilheyra stéttinni sem kom í ljós neðst í skurðinum.



Mynd 1. Sniðteikning. Vestursniðið í rannsóknarskurðinum.

Lýsing á sniði:


1. Malarlag.
2. Grátt hart sandlag
3. Blandað moldarlag. Talsverð móaska, viðarkol, skeljar og ýmsir munir, keramik, krítarpípubrot, bein og tennur.
4. Sprunga.
5. Torf.
6. Móaska. Blönduð mold.
7. Mold með einstaka viðarkolamolum í.
8. Steinlögð stétt.
9. Blandaður jarðvegur. Aðallega mól og sandur. Laust í sér.
10. Grunnur undir norðurvegg Nesstofu. Tilhöggvið grjót.
11. Grunnur undir norðurvegg Nesstofu. Grjót af blandaðri stærð. Ótilhöggvið.

St. Steinn.

T. Timbur.

Steinar sem dregnir eru með brotinni línu eru steinar sem ekki sáust með berum augum vegna annarra steina sem lágu fyrir framan þá. Útlínur steinanna fengust með því að þreifað var fyrir þeim með múrskaið.

Vestan við steinvegginn voru sömu þrjú lög in efst og austan hans. Þar voru þó fleiri og ólíkari lög undir þessum þremur lögum, sjá sniðteikningu. Eins og áður sagði lá steinveggur á ská eftir skurðinum endilöngum, frá norðvestri til suðausturs. Veggurinn náði ekki inn í eystra sniðið í rannsóknarskurðinum en hann sást hins vegar vel í vestursniðinu norðanverðu. Ekkert verður fullyrt um umfang veggjarins í upphafi né hvers konar svæði honum var ætlað að girða af, tún, kálgarð eða eitthvað annað. Austan við vegginn var grjóthlaðin stétt. Af því virðist mega draga þá ályktun að það sem var austan megin við vegginn hafi verið utan við hann en það sem honum var ætlað að girða af hafi verið vestan megin við hann. Í sniðinu vestan við vegginn mátti, auk þeirra laga og grjóts sem þegar hefur verið fjallað um, sjá lag sem var mjög ríkt af móösku þó hún væri moldarblönduð, torflag eða torfflekk og nokkuð hreint moldarlag.



Mynd 2. Flatarteikning. Teikningin sýnir ekki einn flöt í rannsóknarskurðinum. Steinarnir á myndinni eru úr stéttinni og vegghleðslum. Hæðarmunur á hæsta og lægsta steini á teikningunni er 61 cm. Allir steinarnir voru hæðarmældir og hæð þeirra merkt inn á frumteikningu. Til að einfalda lestur teikningarinnar hafa steinarnir verið litaðir. Gulur: efstu steinarnir í vegghleðslunni. Appelsínugulur: næst efsta steinaröðin í vegghleðslunni. Grænn: þriðja efsta röðin í vegghleðslunni. Rauður: neðsta röðin í vegghleðslunni. Brúnn: steinar í stétt. Fjólublár: þrep í hliði. Blár: hrun. Ólitaðir steinar eru steinar sem tilheyra hleðslu í suðvesturhorni rannsóknarsvæðisins eða eru steinar sem ekki falla inn í vegghleðsluna né stéttina.

Ekkert af þessu gaf skýra vísbendingu um til hvers menn nýttu hið afgirta svæði. Tilvist torfsins í sniðinu verður ekki útskýrð á þessu stigi. Stækka hefði þurft rannsóknarsvæðið til að fá skýrari mynd af útbreiðslu torflagsins og þar með hugsanlegum tilgangi þess.

Eins og fram kemur hér að ofan var rof í grjóttveggnum um 1 m frá norðurenda rannsóknarsvæðisins. Skarðið í veggnum var um 80 cm breitt og kemur vel fram á sniðteikningunni. Á teikningunni má sjá tvo steina neðst í skraðinu sem liggja í sama plani og stéttin austan við vegginn. Ofan á þessum steinum eru tveir steinar sem mynda eins konar þrep upp í skarðið eða hliðið á steinveggnum eins og virðist mega ætla að skarðið hafi verið. Ofar í hliðinu á sniðteikningunni eru tveir stakir steinar sem samkvæmt þeirri kenningu að þetta hafi verið hlið hljóta að hafa komið til seinna þegar fylltist að veggnum. Ofan á öðrum þessara steina er torf sem samkvæmt þeirri tilgátu sem hér hefur verið sett fram hefur ekki tilgang í miðju hliði og hlýtur því að hafa komið til seinna, annað hvort sem hluti af yngri vegg eða uppfyllingu. Þess má geta að steinarnir í stéttinni voru flatir, afrúnaðir, sjávarbarðir steinar. Slíkir steinar fundust líka í hleðslunni í veggnum en flestir steinarnir í henni voru grófari, með hvössum hornum. Neðstu steinarnir í hliðinu sem hér hafa verið taldir tilheyra stéttinni og þrepi voru flatir, afrúnaðir, sjávarbarðir steinar á meðan hinir tveir sem voru ofar í sniðinu voru kantaðri eins og steinarnir í veggjahleðslunni.



Mynd 3. Meint hlið í grjótgarði. K.M.



Mynd 4. Leirkersbrot fundin í stéttinni. Úr leirkeri á þremur fótum, sjá lýsingu í texta. K.M.

Á milli steinanna í stéttinni fundust nokkrir munir, þar á meðal fjögur keramikbrot, rauður eða rauðbrúnn brenndur leir, sjá fundalista. Þrjú þessara brota vöktu athygli. 5,7 cm langur sívalningur úr rauðum brenndum leir. Sívalningurinn var brotinn í annan endann en á hinum endanum var eins konar hnúður. Hann var holur að innan. Tvö brot úr rauðbrenndum leir sem passa saman og mynda ytri og innri brún leirkers. Utan á leirkerinu hefur ekki verið glerungur en þar hafa verið skrautlínur og skrautbakkar. Að innan hefur kerid verið þakið með brúnum glerungi. Varla þarf að efast um að þessi þrjú brot eru úr sama kerinu og að það ker er eins og ker sem fannst í holu sem grafin var í gamla kirkjugarðinn austan við Nesstofu í apríl árið 2000. Þá fundust 7 leirkersbrot, öllu úr sama kerinu. Út frá brotunum var hægt að gera sér grein fyrir útliti kersins. Það var belglaga með 3 cm háum beinum hringlaga kantum efst. Þvermál opsins var 10 cm. Dýpt kersins var 8 cm. Það stóð á þremur fótum u.þ.b. 4 cm háum og heildarhæð þess var því um 12 cm. Aðeins fundust tveir fætur af þremur. Sívalt handfang með eins konar snúð á endanum var fest við kerid, 6 cm langt. Kerid var úr rauðum leir með brúnum glerungi að innan. Að utan var það skreytt með röndum sem gengu hringinn í kringum það. Guðrún Sveinbjarnardóttir fornleifafræðingur skoðaði kerid og taldi að það gæti verið frá 17. eða 18. öld.



Mynd 5. Brot af þaksteini, um 8,5 cm langt. K.M.

Nesstofa.

Hér verður fjallað hvað fornleifarannsóknin leiddi í ljós varðandi Nesstofu og byggingu hennar. Rannsóknarskurðurinn náði frá suðurvegg stofunnar sem er innveggur í húsinu og út að útvegg hússins í norðurenda þess. Trégólfid í stofunni hefur hvílt á gólfbitum sem grafnir hafa verið 5 – 10 cm niður í malarlag. Mölin er

örugglega til komin í tengslum við byggingu hússins og hefur verið dreyft yfir jarðveginn í þeim tilgangi að gólfbitarnir gætu legið í henni. Í malarlaginu fundust ýmsir gripir, sjá fundalista. Tvennt var þar sem ætla má að tengist Nesstofu beint, múrsteinar og þaksteinar. Tíu múrsteinsbrot og einn nær því heill múrsteinn fundust í malarlaginu. Múrsteinarnir eru gráleitir. Stærð heila steinsins er 19,5x10,5x3,8 cm. Vitað er að múrsteinar voru notaðir í gólf í sumum herbergjum Nesstofu. Hvort þessi múrsteinsbrot benda til að slíkt gólf hafi verið í þessu rými áður en trégólfið kom til er erfitt um að segja. Þessi fáu brot gætu eins vel verið afgangur úr gólfi annars staðar í húsinu. Í malarlaginu fundust líka tvö brot úr rauðbrenndum leir. Annað þessara brota er greinilega endi á stykkinu sem það tilheyrði. Um 2,5 cm frá endanum er svolítill sveigja í leirnum. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fann töluvert af sams konar brotum í uppgreftir sínum árið 1989. Hann fullyrði að þetta væru þaksteinsbrot og ekki skal það dregið í efa. Vilhjálmur sagði að brotin væru úr þaksteini af svo kallaðri „bæverhaler“ gerð sem kennd sé við hina flötu rófu bjórsins sem steininn þótti líkjast. Þessi tegund þaksteina varð algeng eftir 1600 á Norðurlöndum og voru þeir notaðir þar fram á byrjun 19. aldar. Vilhjálmur setti fram þá hugmynd í skýrslu sinni að tilvist þaksteinsbrota ...gæti bent til þess að hugsanlega hafi verið tígulsteinsþak á Nesstofu, eða að upphaflega hafi verið áætlað að setja slíkt þak á húsið, en síðar frá því horfið.

Undirrituðum er ekki kunnugt um að til séu heimildir um að tígulsteinsþak hafi verið á Nesstofu. Það er engu að síður staðreynd að þaksteinsbrot finnast í og við Nesstofu. Tilgáta Vilhjálms um að hætt hafi verið við að setja tígulsteinsþak á húsið er því eins góð og hver önnur á þessu stigi málsins.

Undirstöður veggjanna tveggja sem rannsóknarskurðurinn náði á milli, útveggjar í norður enda skurðarins og innveggjar í suður endanum, voru mjög ólíkar. Norðan megin náði timburþilið á veggnum 4 – 5 cm niður fyrir hæðarlínu sem komið var upp og áður hefur verið greint frá. Þar sem þilið endaði mældist steinveggurinn vera 7 cm innan við þilið. Steinveggurinn náði u.þ.b. 17 cm niður fyrir hæðarlínuna. Þar tók sökkull hússins við. Sökkullinn náði þar 10 cm innar en veggurinn sem hvíldi ofan á. Efri hluti hans, um 45 cm á hæð, var hlaðinn úr tilhöggnu grjóti eins og veggurinn. 65 cm undir hæðarlínunni breiðkar sökkullinn enn. Þar fyrir neðan náði hann 15 – 20 cm inn fyrir efri hluta sökkulsins. Hæð þessa hluta sökkulsins var um 35 cm og var hann hlaðinn úr ótilhöggnu grjóti. Hvort sökkullinn endaði þarna er óvíst því ekki var grafið mikið dýpra. Þó mátti greinilega finna fyrir grjóti ef múskeið var rekin undir neðstu steinana sem sáust í hleðslunni þótt ljóst væri að það grjót lá ekki eins langt inn í byggingunni eins og hitt sem var ofan á. Næst sökklinum var 10 – 25 cm rými þar sem jarðvegur var laus í sér og talsvert um lítil holrými. Það er augljóst að grafnir hafa verið skurðir fyrir grunnveggjum Nesstofu. Skurðirnir virðast grafnir frá yfirborði þar sem skil eru milli gráa sandlagsins (nr. 2 á sniðteikningu) og moldarlagsins þar undir. Undir veggnum við suðurenda skurðarins, innveggnum, var sökkullinn allt öðruvísi. Þar þykknaði sökkullinn ekkert heldur hélt áfram í sömu þykkt og veggurinn. Á um 70 cm dýpi undir hæðarlínunni kom í ljós steinhleðsla sem virtist ganga þvert inn í sökkulinn. Gera má ráð fyrir að þegar grafið var fyrir sökkulveggnum hafi menn komið niður á hleðsluna og ákveðið að fella hana inn í sökkulinn. Tréþilið á suðurveggnum var um 10 cm frá steinveggnum.

Niðurstöður

Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna umfang og varðveislu mannvistarleifa undir gólfi í norðausturstofu Nesstofu. Fljótlega var komið niður á gróthlaðinn vegg sem lá eftir rannsóknarskurðinum endilöngum. Austan við vegginn var steinhlaðin stétt

á um 1 m dýpi undir yfirborði. Þetta er á svipuðu dýpi og Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson fornleifafræðingur kom niður á gólf í torfhúsi í rannsóknarholu sem grafin var rétt austan við Nesstofu árið 1989. Vilhjálmur taldi að þeir gripir sem hann fann væru frá 18. og 19. öld. Hann taldi torfhúsið sem hann kom niður á geta verið hluta af bæjarhúsum sem vitað er að stóðu í Nesi á 18. öld er Nesstofa var reist.

Því hefur verið haldið fram hér að ofan að yfirborð jarðvegs á þeim tíma sem Nesstofa var byggð hafi verið þar sem skil eru milli gráa sandlagsins (nr. 2 á sniðteikningu) og moldarlagsins þar undir. Það er t.d. augljóst að skurður hefur verið grafinn frá þessu yfirborði fyrir undirstöðunum undir norðurvegg stofunnar. Það vekur athygli að í malarlaginu sem talið er að lagt hafi verið undir gólf stofunnar fundust auk múrsteina, þaksteina og nagla sem beint er hægt að tengja byggingu hússins talsvert af dýrabeinum, fiskisleggjubrot og kljásteyn. Allt kann þetta þó að hafa fallið í mölina á þeim þremur árum sem það tók að byggja húsið.

Út frá þeim munum sem fundust í þessari rannsókn og rannsókn Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar árið 1989 og út frá legu mannvirkjanna í báðum rannsóknunum virðist rökrétt að hugsa sér að steingarðurinn sem grafinn var upp inni í Nesstofu hafi tilheyrt bænum sem rannsakaður var 1989 og að stéttin sem fannst austan við garðinn hafi jafnvel tengt bæinn og garðinn saman. Þetta kemur þó ekki heim og saman við það að vitað er að bærinn stóð þegar Nesstofa var byggð en að efsti hluti steinveggjarins var um 40 cm undir yfirborðinu sem grafið var niður í fyrir veggjum Nesstofu og stéttinn var um 80 cm undir sama yfirborði. Eina skýringin sem hægt er að finna til að tengja vegginn og stéttina við bæjarrústirnar er að jafnað hafi verið yfir vegginn og umhverfi hans áður en Nesstofa var byggð. Jarðvegurinn austan veggjarins gæti bennt til þessa en þar var mjög einsleitt lag alveg frá neðri brún sandlagsins undir malarlaginu og niður að stéttinni. Í laginu var nánast eingöngu mold. Þó mátti finna í moldinni nokkra móöskufleki, örfá bein og einstaka viðarkolamola. Þótt jarðlagaskiptingin hafi verið svolítið margbreytilegri vestan veggjarins þarf það ekki að útiloka kenninguna um að jafnað hafi verið yfir vegginn með jarðvegi. Tilviljun kann að ráða því að skarpari skil koma fram milli laga í sniðinu þar en hitt er líklegra að jarðvegur hafi þegar verið þykkari vestan við vegginn, vegna þess sem þar fór fram, og því minna þurft að fylla að honum þeim megin.

Vegna þess gríðarlega grjótmagns sem kom í ljós í rannsóknarskurðinum á um 1 m dýpi var ákveðið að grafa ekki dýpra. Þess vegna er ekki vitað hvort mannvistarlög eru varðveitt undir Nesstofu frá fyrstu öldum byggðar í Nesi. Það verður þó að teljast mjög líklegt í ljósi þess hversu óskerta þær minjar sem fundust virtust vera og ólíklegt að á þeim tíma eða fyrir þann tíma hafi verið ráðist í mikið jarðrast á bæjarhólnum.

Með rannsókninni er fengin nokkuð góð mynd af gerð grunnhleðslna undir veggjum Nesstofu. Rannsóknin vakti einnig upp að nýju spurningar um notkun múrsteins og ekki síður þaksteins í Nesstofu.



Mynd 6. Hleðsluleifar í skurði, norðan við miðju. K.M.



Mynd 7. Hleðsluleifar í suðurenda skurðar. K.M.

Fundaskrá

Lag Nr.	Efni/Heiti	Lengd í cm	Breidd í cm	Hæð/þykkt í cm	Athugasemdir
1	Kljásteinn	6,8	4,5	3,4	Gat, um 0,7 cm í þvermál, er í gegnum steininn.
1	Járn	8,5		1-2	Bogið með hnúðum á báðum endum.
1	Járn	4,2		0,6	Brot af nagla.
1	Fiskisleggja	15,8	8	5,9	Brot, helmingur af sleggju.
1	Brenndur leir	7	5,6	1,7	Rauður leir. Þaksteinsbrot?
1	Brenndur leir	8,5	6,8	1,5	Rauður leir. Sveigja á heila endanum. Þaksteinsbrot?
1	Bein	14,7			Kindaleggur.
1	Bein	6,5			Brot af dýrabeini.
1	Bein	8,3			Brot af dýrabeini.
1	Bein	7,1			Brot af dýrabeini.
1	Bein	7,5	1,8	0,4	Brot af rifbeini úr dýri.
1	Bein	4,7		2,8	Brot af dýrabeini.
1	Bein	5,7			Brot af dýrabeini.
1	Bein	4,2			Brot af dýrabeini.
1	Bein	4,6			Brot af dýrabeini.
1	Bein	9,8	1,3	0,5	Brot af rifbeini úr dýri.
1	Bein	9,5	0,8	0,6	Brot af rifbeini úr dýri.
1	Bein	7,9	1,1	0,7	Brot af rifbeini úr dýri.
1	Bein	7,6	1,6	0,4	Brot af rifbeini úr dýri.
1	Múrsteinsbrot	17,5	10,4	3,5	Gráleitur múrsteinn. Engin sléttur flötur er á brotinu.
1	Múrsteinsbrot	9,1	8,4	4,6	Gráleitur múrsteinn. Engin sléttur flötur er á brotinu.
1	Múrsteinsbrot	13	9	3,5	Gráleitur múrsteinn. Engin sléttur flötur er á brotinu.
1	Múrsteinsbrot	10,5	5,3	4,5	Gráleitur múrsteinn. Brot af enda.
1	Múrsteinsbrot	14,2	9,2	4,5	Gráleitur múrsteinn. Rúmlega hálfur steinn.
1	Múrsteinsbrot	10,6	9,6	3,8	Gráleitur múrsteinn. Brot af horni.
1	Múrsteinsbrot	11	10,5	3,8	Gráleitur múrsteinn. Brot af enda.
1	Múrsteinsbrot	10,5	9	4	Gráleitur múrsteinn. Brot þvert í gegnum stein.
1	Múrsteinsbrot	10,5	9,5	3,8	Gráleitur múrsteinn. Brot af enda.
1	Múrsteinsbrot	18	10,5	4	Gráleitur múrsteinn. Stærstur hluti steinsins.
1	Múrsteinsbrot	19,5	10,5	3,8	Gráleitur múrsteinn. Því sem næst heill.
3	Bein	11	0,9	0,7	Brot af rifbeini úr dýri.
3	Bein	5,7			Brot af dýrabeini.
3	Bein	3,5			Brot af dýrabeini.

Lag Nr.	Efni/Heiti	Lengd í cm	Breidd í cm	Hæð/þykkt í cm	Athugasemdir
3	Bein	6			Brot af dýrabeini.
3	Bein	7,2			Brot af dýrabeini.
3	Bein	10,5			Brot af dýrabeini.
3	Bein	6,8			Brot af dýrabeini.
3	Bein	4,8			Brot af dýrabeini.
3	Bein	6,5			Brot af dýrabeini.
3	Bein	10,5			Brot af dýrabeini.
3	Bein	7			Brot af dýrabeini.
3	Bein	4.6			Brot af dýrabeini.
3	Bein	6			Brot af dýrabeini.
3	Bein	6,2			Brot af dýrabeini.
3	Bein	4,9			Brot af dýrabeini.
3	Bein	6			Brot af dýrabeini.
3	Bein	7,4			Brot af dýrabeini.
3	Bein	3			Brot af dýrabeini.
3	Bein	14,5			Brot af leggjarbeini úr dýri.
3	Bein	11			Brot af leggjarbeini úr dýri.
3	Bein	10,2			Brot af leggjarbeini úr dýri.
3	Bein	11,4			Brot af leggjarbeini úr dýri.
3	Bein	9,3			Brot úr eftir kjálka, kind.
3	Bein	14,5			Neðri kjálki, kind.
3	Bein	4,5	3,8	2,4	Hryggjarliður úr dýri.
3	Bein	2			Fiskibein.
3	Bein	2,5			Fiskibein.
3	Tönn	3,8	2,7	1,7	Hrossatönn?
3	Tönn	2,2			Mannstönn.
3	Bein?	4,7		1,6	Mjókkar í odd í annan endann. Nál?
3	Keramik	2,7			Hvítt keramikbrot með snúningi.
3	Keramik	2,5	1,6	0,6	Ljóst kermikbrot. Bogið með ljósum glerungi.
3	Keramik	4,7	3,3	1,2	Gulleitt keramikbrot. Bogin kantur með glerungi, röndóttum gulum og brúnum.
3	Krítarpípubrot	2,9		0,7	
3	Krítarpípubrot	4		0,6	
3	Steinn	10	6,2	2,4	Helmingur af flötum sporöskjulaga steini sem sýnilega hefur brotnað þegar gera átti gat í hann miðjan.
3	Steinn	17,5	15	5,4	Bot út kvarnarsteini.
8	Málmur	9,3	3,1	0,3	Brot af efri brún á einhvers konar íláti. Koparpottur?
8	Keramik	5,7		3	Brot, sívalningur, úr rauðum brenndum leir. Svart af sóti að utan en þó grillir í rauðbrúnan glerung. Brot af handfangi?

Lag Nr.	Efni/Heiti	Lengd í cm	Breidd í cm	Hæð/pykkt í cm	Athugasemdir
8	Keramik	4,8	4	0,3	Rauðbrúnt leirkersbrot með skrautbakka og skrautlínu á annari hliðinni.
8	Keramik	4,8	3,7	0,4	Rauðbrúnt leirkersbrot með brún. Brúnn glerungur á annari hliðinni.
8	Keramik	3,8	2,9	0,7	Rauðbrúnt leirkersbrot með brúnum glerungi á báðum hliðum og skrautbakka á annari hliðinni.
8	Aldinsteinn	2,3	1,2	0,7	Líkist sveskjusteini.



Mynd 8. Horft til norðurs eftir skurðinum. Grjótgarðurinn er fyrir miðju og stéttin sést hægra megin við hana. K.M.

Heimildir

Áslaug Hafliðadóttir og Ingibjörg Böðvarsdóttir: Tímarit um lyfjafræði, 2. hefti 1967 til 2. heftis 1971. Lyfjafræðingafélag Íslands. Reykjavík 1967-1971.

Björn Þorsteinsson og Bergsteinn Jónsson: Íslandssaga til okkar daga. Sögufélagið. Reykjavík 1991.

Heimir Þorleifsson: Seltirningabók. Seltjarnarnesbær. Seltjarnarnes 1991.

Helge Finsen og Esbjörn Hiort: Steinhúsin gömlu á Íslandi. Bókaútgáfan Iðunn. Reykjavík 1978.

Jón Steffensen: Íslensk þjóðmenning VII, Alþýðulækningar. Bókaútgáfan Þjóðsaga. Reykjavík 1990.

Jón Steffensen: Menning og meinsemdir. Reykjavík 1975.

Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson: Læknar á Íslandi. Læknafélag Íslands/Ísafoldarprentsmiðja HF. Reykjavík 1970.

Ólafur Lárusson: Byggð og saga. Ísafoldarprentsmiðja. Reykjavík 1944.

Sveinn Pálsson: Ævisaga Bjarna Pálssonar. Árni Bjarnarson. Akureyri 1944.

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson: Fornleifarannsókn við Nesstofu 1989. Rannsóknarskýrsla. 1990.

Vilmundur Jónsson: Lækningar og saga. Bókaútgáfa menningarsjóðs. Reykjavík 1969.